

Samband íslenskra sjóminjasafna

Fornbátaskrá – Skýrsla nr. 12

Bátasafn

Breiðafjarðar II

Skip frá 1950 og yngri



Helgi Máni Sigurðsson

2019

Inngangur

Þetta er skýrsla nr. tvö um bátana í Bátasafni Breiðafjarðar, Reykhólum. Í henni eru bátar frá árinu 1950 og yngri, 12 talsins. Í fyrstu skýrslunni voru aldursfriðaðir bátar, þ.e. frá því fyrir 1950.

Árið 2017 kom út skýrsla um báta í eigu og umsjá FÁBBR, *Félags áhugamanna um bátasafn Breiðafjarðar, Reykhólum*. Umsjón með gerð hennar hafði Sigurður Bergsveinsson, ritari félagsins. Hér er byggt á skýrslunni að mestu leyti en bætt við nokkrum atriðum. Fylgt er efnisorðalista Sambands íslenskra sjóminjasafna (SÍS) og uppsetningin er sú sama og í öðrum skýrslum SÍS.

Tilgangurinn með Fornbátaskrá Íslands er að safna á einn stað helstu upplýsingum um þá fornbáta sem nú eru varðveittir á Íslandi. Með því fæst yfirlit sem ekki hefur verið til áður og standa vonir til að það hafi margvíslegan ávinning í för með sér. Meðal annars er heildaryfirlit ein forsenda þess að unnt sé að forgangsraða bátum þegar kemur að varðveislu þeirra.

Bátarnir sem hér er fjallað um eru tólf talsins.

Efnisyfirlit

Andvari	3
Kópur	5
Svala	7
Gylfi BA 18	9
Dísa	11
Pramminn	13
Draupnir BA 40	15
Farsæll BA 55	18
Grímsi	20
Gola	22
Eva	24
Sæbjörg BA 59	26



Andvari, 1959. Ljósmynd: FÁBBR.

Andvari

1. Skipaskrárnúmer / safnnúmer:

2. Tegund: Árabátur

3. Hlutverk: Almenn notkun; hlunnindabátur

4. Eigandi: FÁBBR

5. Fyrri eigendur:

- 1950: Sigurjón Árnason (1923-2010).

- 1958: Nikulás Jensson (1935-2004), Svefneyjum

- Kristinn Nikulásson (1957-) frá Svefneyjum¹

6. Varðveislustaður:

7. Smíðaár: 1950

8. Yfirsmiður: Sigurjón Árnason (1923-2010). Gestur Vilmundur Gíslason (1912-1954) aðstoðaði við smíðina.

Fyrirmyndin að bátnum var Litlanesbáturinn Bragur sem Valdimar Ólafsson (1906-1939) í Hvallátrum smíðaði árið 1934. Sigurjón smíðaði þrjá aðra báta eftir Litlanesbátnum: Bjarma, Hring og Múlabátinn. Þessir bátar eru allir til nú (2015) og sumir í mjög góðu ástandi.²

9. Smíðastaður: Flatey

10. Brúttórúmllestir: 1,75

11. Lengd, breidd og dýpt í m: 5,55 x 1,6 x 0,73

12. Smíðaefni og samsetning skrokks: Fura og eik; súðbyrtur

13. Skrokklag:

¹ Sigurður Bergsveinsson bls. 43

² Sigurður Bergsveinsson bls. 43

14. Þilför:

15. Yfirbygging:

16. Lokuð rými:

17. Möstur og seglabúnaður:

18. Vél:

- 1950: Albin 5 hö

- Bukh 10 ha (sú vél er til í safni FÁBBR)

19. Siglingatæki og annar búnaður:

20. Notkunarsaga:

Sigurjón Árnason hafði Andvara til eigin nota í fyrstu, en seldi hann Nikulási Jenssyn í Svefneyjum árið 1958 og var hann hlunnindabátur þar í áratugi.

21. Sögulegir atburðir, persónur og staðir tengd bátnum:

22. Ástand báts: Slæmt.

23. Upprunaleiki – breytingasaga:

24. Viðhald og viðgerðir:

Báturinn er í slæmu ástandi og ef á að gera hann upp er það mikið verk.³

25. Heimildir:

- Sigurður Bergsveinsson: Munaskrá. Bóta- og hlunnindasýningin á Reykhólum ehf. Rv. 2017.

26. Varðveislustaða: Óskráður safngripur

27. Almenn umsögn:

Báturinn er í slæmu ástandi og spurning með mikilvægi þess að gera við hann með hliðsjón af því að til eru eintök sömu gerðar í mjög góðu ástandi.

³ Sigurður Bergsveinsson bls. 43



Kópur. Ljósmynd: FÁBBR.

Kópur

1. Skipaskrárnúmer / safnnúmer:

2. Tegund: Opinn vélbátur

3. Hlutverk: Selveiði

4. Eigandi: FÁBBR

5. Fyrri eigendur:

- 1950: Sigurbrandur Jónsson

- 1952: Tilraunastöðin á Reykhólum

6. Varðveislustaður: Reykhólar

7. Smíðaár: 1950

8. Smíður: Aðalsteinn E. Aðasteinsson (1923-2014)

9. Smíðastaður: Hvallátur

10. Brúttórúmllestir:

11. Lengd, breidd og hæð/dýpt í m: 6,1 x 1,77 x 0,7

12. Smíðaefni og samsetning skrokks: Viður; súðbyrtur

13. Skrokklag:

14. Þilför:

15. Yfirbygging:

16. Lokuð rými: Vélarhús

17. Möstur og seglabúnaður:

18. Vél: ath.

19. Siglingatæki og annar búnaður:

20. Notkunarsaga:

Aðalsteinn smíðaði Kóp fyrir Sigurbrand Jónsson á Grænhól á Barðaströnd, sem síðar var vinnumaður í Skáleyjum.

Tilraunastöðin á Reykhólum keypti bátinn af Sigurbrandi árið 1952. Hann var notaður bæði af Tilraunastöðinni og Reykhólabændum til selveiða og dúntekju.

Kópur kom árið 2010 til FÁBBR og var settur upp á bátasafninu árið 2011 til sýningar. ⁴

21. Sögulegir atburðir, persónur og staðir tengd bátnum:

Ljósmynd: Í hlunnindahluta sýningarinnar á Reykhólum má sjá Kóp á gamalli ljósmynd, líklega frá miðbiki sjöunda áratugar 20. aldar. Þar eru hálfbræðurnir Sigurgeir Tómasson og Þorsteinn Þórarinsson á leið í land úr selveiðiferð með bátinn Dísu í togi (hún er einnig á sýningunni). Um borð í Dísu er pilturinn Hugo Rasmus. ⁵

Hvallátur, Grænhóll, Reykhólar

22. Ástand báts: Sæmilegt

23. Upprunaleiki – breytingasaga:

24. Viðhald og viðgerðir: Kópur er heill en lélegur.

25. Heimildir:

- Sigurður Bergsveinsson: Munaskrá. Báta- og hlunnindasýningin á Reykhólum ehf. Rv. 2017.

26. Varðveislustaða: Óskráður safngripur

27. Almenn umsögn:

Til er tvíburabátur við Kóp, sem Aðalsteinn smíðaði fyrir Sæmund á Kletti í Gufudalssveit. Hann var seldur að Hnúki í Klofningshreppi og er þar. Áhugavert er að varðveita að minnsta kosti annan þessara báta, t.d. þann sem er betur farinn.

⁴ Sigurður Bergsveinsson bls. 45

⁵ Sigurður Bergsveinsson bls. 45



Heyflutningar í Höfðaeyjum í Hvallátralöndum. Björg næst landi, síðan Svala og Skrauti (flutningaskip í Hvallátrum) með heyfarm um 1958. Ljósmynd úr Eylendu.

Svala

1. Safnnúmer:

2. Tegund: Árabátur

3. Hlutverk: Heimilisbátur, slippskekta

4. Eigandi: FÁBBR

5. Fyrri eigendur:

- 1954: Daníel Jónsson í Hvallátrum

- Um 1964: Skipasmíðastöðin Skipavík, Stykkishólmi

6. Varðveislustaður:

7. Smíðaár: 1954

8. Smiður: Aðalsteinn E. Aðalsteinsson (1923-2014)

9. Smíðastaður: Hvallátur

10. Brúttórúmllestir:

11. Lengd, breidd og dýpt í m: 4,45 x 1,60 x 0,58

12. Smíðaefni og samsetning skrokks: Viður; súðbyrtur

13. Skrokklag:

14. Þilför:

15. Yfirbygging:

16. Lokuð rými:

17. Möstur og seglabúnaður:

18. Vél:

19. Siglingatæki og annar búnaður:

20. Notkunarsaga:

Aðalsteinn smíðaði bátinn fyrir Daníel Jónsson í Hvallátrum, síðar bónda á Dröngum á Skógarströnd. Daníel seldi bátinn til skipasmíðastöðvarinnar Skipavíkur, Stykkishólmi, um 1964 og þar var hann notaður sem slippsekta. Báturinn var gefinn FÁBBR um 2006.

21. Sögulegir atburðir, persónur og staðir tengd bátnum:

22. Ástand báts: Sæmilegt

23. Upprunaleiki – breytingasaga:

24. Viðhald og viðgerðir: Báturinn er heill en í lélegu ástandi ⁶

25. Heimildir:

- Sigurður Bergsveinsson: Munaskrá. Bata- og hlunnindasýningin á Reykhólum ehf. Rv. 2017.

26. Varðveislustaða: Óskráður safngripur

27. Almenn umsögn:

Gott eintak en spurning hverju hann bætir við varðandi þekkingu á bátaarfinum.

⁶ Allar upplýsingar um bátinn koma frá Sigurði Bergsveinssyni bls. 46



Gylfi BA 18 eftir breytingu. Ljósmynd: FÁBBR

Gylfi BA 18

1. Skipaskrárnúmer: 5083

2. Tegund: Árabátur; vélbátur

3. Hlutverk:

4. Eigandi: FÁBBR

5. Fyrri nöfn, umdæmisnúmer og eigendur:

- 1957: Gylfi BA 18, Númi Einarsson, Patreksfirði.

- 1976: Blakkur BA 9, Hannes Kristjánsson, Tálknafirði.

- 1978: Björgvin Einarsson BA 9, Kristján Pétursson, Skriðnafelli á Barðaströnd.

- 1983: Teista BA 3, Finnbogi Magnússon, Patreksfirði.

- 1987: Páll Helgason, Patreksfirði.

- 1987: Helgi Páll Pálmason, Patreksfirði.

- 1990: Hringur BA 3, Gunnar Guðmundsson, Skjaldvararfossi á Barðaströnd.⁷

- 2006: FÁBBR

6. Varðveislustaður:

7. Smíðaár: 1956-57⁸

8. Smíður: Andrés Karlsson (1901-1980) frá Kollsvík.

Andrés hafði smíðað árið áður (1955) annan bát, Farsæl BA 200, sem hann réri á í fjölda ára.

Gylfi var byggður eftir Farsæli en er aðeins stærri.⁹

9. Smíðastaður: Patreksfjörður

10. Brúttórúmllestir: 2,97

11. Lengd í m: 7,75

12. Smíðaefni og samsetning skrokk: Fura og eik; súðbyrtur

⁷ Samgöngustofa: númer 5083. Jón Björnsson: Íslensk skip. Batar 1, bls. 54

⁸ 1955 skv. Skipaskrá Samgöngustofu

⁹ Sigurður Bergsveinsson bls. 47



*Gylfi BA 18 fremst á myndinni, meðan hann var í eigu Núma Einarssonar, 1957-76.
Ljós.: FÁBBR*

13. Skrokklag:

14. Pílför:

15. Yfirbygging: Stýrishús; afturbyggður fyrstu árin en er nú frambyggður

16. Lokuð rými: Bakki, lúkar

17. Möstur og seglabúnaður:

18. Vél:

- 1957: Marna

- Solo 29 hö (heimild vantar um aldur)

19. Siglingatæki og annar búnaður:

20. Notkunarsaga: Gerður út frá Patreksfirði, Tálknafirði og Barðaströnd frá 1957 og fram yfir 1990.

21. Sögulegir atburðir, persónur og staðir tengd bátnum:

Patreksfjörður, Tálknafjörður, Barðaströnd

22. Ástand báts:

23. Upprunaleiki – breytingasaga:

Einungis byrðingurinn er upprunalegur á bátnum. Öll yfirbygging er gerbreytt.

24. Viðhald og viðgerðir:

25. Heimildir:

- Sigurður Bergsveinsson: Munaskrá. Báta- og hlunnindasýningin á Reykhólum ehf. Rvk. 2017.

- Samgöngustofa. Uppfletting í skipaskrá 9.8. 2017: númer 5083 (skráningarstaða: óskráð)

- Jón Björnsson: Íslensk skip. Bátar 1, bls. 54. Rv. 1999

(Fannst ekki í Íslensku sjómannaalmanaki 1967, 1984 og 1993)

26. Varðveislustaða: Óskráður safngripur

27. Almenn umsögn:

Aðeins byrðingurinn er upprunalegur. Meta þarf að hvaða leyti breyttur bátur er verðmætur.



Dísa, 31. júlí 2011. Ljós. Rikki R

Dísa - skjöktbátur

1. Safnnúmer:

2. Tegund: Árabátur

3. Hlutverk: Skjöktbátur

4. Eigandi: Afkomendur Sigugeirs Tómassonar (1933-1993) á Reykhólum

5. Fyrri eigandi: Sigurgeir Tómasson

6. Varðveislustaður:

7. Smíðaár: 1957

8. Smiður: Aðalsteinn E. Aðalsteinsson (1923-2014)

9. Smíðastaður: Hvallátur

10. Brúttórúmllestir:

11. Lengd, breidd og dýpt í m: 3,85 x 1,38 x 0,47

12. Smíðaefni og samsetning skrokks: Viður; súðbyrtur

13. Skrokklag: Með gaffli

14. Þilför:

15. Yfirbygging:

16. Lokuð rými:

17. Möstur og seglabúnaður:

18. Vél: Utanborðsmótor var notaður einhvern tíma

19. Siglingatæki og annar búnaður:

20. Notkunarsaga:

Dísa var alla tíð notuð sem skjöktbátur á Reykhólum. Hún er í eigu afkomenda Sigurgeirs.¹⁰

21. Sögulegir atburðir, persónur og staðir tengd bátnum:

Aðalsteinn smíðaði bátinn fyrir Sigurgeir á Reykhólum og ber hann nafn konu hans, Dísu, Ragnheiðar Magnúsdóttur (1932-1974). Báturinn var líka stundum kallaður „Jullan“.¹¹

Á báta- og hlunnindasýningunni má sjá Dísu á ljósmynd frá því um 1965.¹²

22. Ástand báts:

23. Upprunaleiki – breytingasaga:

24. Viðhald og viðgerðir:

25. Heimildir:

- Sigurður Bergsveinsson: Munaskrá. Báta- og hlunnindasýningin á Reykhólum ehf. Rv. 2017.

- <http://rikkir.123.is/blog/2011/09/03/540839/03.09.201114:37>

26. Varðveislustaða:

27. Almenn umsögn:

¹⁰ Sigurður Bergsveinsson bls. 48

¹¹ Sigurður Bergsveinsson bls. 48

¹² Sigurður Bergsveinsson bls. 48



Pramminn. Ljósmynd: FÁBBR

Pramminn

1. Skipaskrárnúmer / safnnúmer:
2. Tegund: Prammi
3. Hlutverk: Flutningaprammi
4. Eigandi: FÁBBR (síðan 2014)
5. Fyrri eigendur:
6. Varðveislustaður: Reykhólar

7. Smíðaár: 1958
8. Smíður: Aðalsteinn Aðalsteinsson (1923-2014)
9. Smíðastaður: Hvallátur
10. Brúttórúmllestir:
11. Lengd, breidd og hæð/dýpt í m: 8,2 x 2,0 x 1,2
12. Smíðaefni: Eik og fura
13. Skrokklag: Ferhyrndur pallur með lóðréttum hliðum
14. Þilför:
15. Yfirbygging:
16. Lokuð rými:
17. Möstur og seglabúnaður:
18. Vél:
19. Siglingatæki og annar búnaður:

20. Notkunarsaga:

Aðalsteinn smíðaði prammann til notkunar við stórflutninga á Breiðafirði, ekki síst á jarðýtu, nánar tiltekið International TD 6 beltavél, til eyjabænda. Pramminn var opnaður að framan og þá var hægt að aka tækjum beint af og í hann á svipaðan hátt og innrásarprammar voru notaðir í hernaði.

Á þessum tíma var unnið að því að styrkja byggð í Breiðafirði en hún var mjög á undanhaldi. Jarðýtan var notuð til að stunda jarðabætur í eyjum Breiðafjarðar. Pramminn var notaður við ýmsa stórflutninga tengda eyjabúskap á sjöunda áratug 20. aldar, ásamt ýmsum öðrum flutningi, svo sem með fé, hey o.fl.

Pramminn kom að ýmsu leyti í stað „skipanna“ sem eyjabændur notuðu um aldir. Hann er einstakur hérlendis, ekki er vitað til þess að önnur svona fleyta hafi verið smíðuð hér.¹³

Umsögn Landbúnaðarsafns Íslands:

„Ferjan (pramminn) er bæði merkileg heimild um skipasmíði þar vestra og þau ráð er bændur brugðu á til þess að greiða ræktunaráttum för um sveitir þegar þær komu fyrst til sögunnar. Að sjálfsögðu vildu eyjabændur einnig njóta verka ræktunaráttum við túnrækt sína og þá var sjóleiðin ein fær til flestra þeirra.“¹⁴

21. Sögulegir atburðir, persónur og staðir tengd bátnum:

Breiðafjarðareyjar

22. Ástand báts: Sæmilegt

23. Upprunaleiki – breytingasaga:

24. Viðhald og viðgerðir: Hann er heillegur en lélegur.

25. Heimildir:

- Sigurður Bergsveinsson: Munaskrá. Bata- og hlunnindasýningin á Reykhólum ehf. Rvk. 2017.
- www.landbunadarsafn.is/frettir/nr/91450
- www.reykholar.is/stjornsysla/stofnanir/Batasafn_Breidafjardar.

26. Varðveislustaða: Óskráður safngripur

27. Almenn umsögn:

Ekki er vitað til þess að önnur svona fleyta hafi verið smíðuð á landinu. Hann var gagnlegur við flutninga á ræktunaráttum milli eyja þegar byggð í Breiðafjarðareyjum var á undanhaldi.

¹³ Sigurður Bergsveinsson bls. 49, www.landbunadarsafn.is

¹⁴ landbunadarsafn.is



Draupnir. Ljósmynd: FÁBBR.

Draupnir BA 40

- 1. Skipaskrárnúmer:** 6065
- 2. Tegund:** Vélbátur, hálfopinn
- 3. Hlutverk:** Heimilisbátur, flutningabátur, fiskibátur
- 4. Eigandi:** Afkomendur Aðalsteins E. Aðalsteinssonar
- 5. Fyrri eigendur:**
 - 1961: Aðalsteinn E. Aðalsteinsson ¹⁵
- 6. Varðveislustaður:** Reykhólar (áður byggðasafnið að Görðum, Akranesi)
- 7. Smíðaár:** 1959-1960
- 8. Smíður:** Aðalsteinn E. Aðalsteinsson (1923-2014). Draupnir var stærsti báturinn sem hann smíðaði.
- 9. Smíðastaður:** Hvallátur
- 10. Brúttórúmllestir:** 10,41
- 11. Lengd, breidd og hæð/dýpt í m:** 10,67 x 3,55 x 1,52
- 12. Smíðaefni og samsetning skrokks:** Fura og eik; súðbyrtur
- 13. Skrokklag:**
- 14. Pílfar:**
- 15. Yfirbygging:** Stýrishús, hvalbakur
- 16. Lokuð rými:**

¹⁵ Jón Björnsson: Íslensk skip. Bátar 1, bls. 46

17. Möstur og seglabúnaður:

18. Vél:

- 1960: Lister 20 hö
- Síðar var sett í hann 50 ha Perkins vél og er hún í honum nú (heimild vantar um árið)

19. Siglingatæki og annar búnaður:



Aðalsteinn við smíði á Draupni árið 1960. Ljós.: FÁBBR

20. Notkunarsaga:

Aðalsteinn smíðaði bátinn fyrir sig og var hann heimilishátur í Hvallátrum og notaður til að flytja fólk og varning. Eftir að fjölskylda Aðalsteins flutti úr Hvallátrum, árið 1975, notaði Skúli Aðalsteinsson (1956-) bátinn sem fiskibát og réri á honum frá Neskaupstað til ársins 1995.

Báturinn var ekki á skipaskrá 1976-1980. Hann var endurbyggður og endurskráður 11. feb. 1980. Hann var talinn ónýtur og tekinn af skrá 9. jan. 1995. Eftir það var hann varðveittur í 20 ár á byggðasafninu á Akranesi eða þar til Bátasafn Breiðafjarðar tók við honum. Í október 2015 var Draupnir fluttur til Reykhóla frá Akranesi.

Aðalsteinn smíðaði árið 1962 Farsæl BA 55 eftir sömu teikningu en aðeins minni. Draupnir og Farsæll bera smíðakunnáttu Aðalsteins gott vitni og voru lang stærstir og flottastir eyjabáta á sinni tíð.¹⁶

21. Sögulegir atburðir, persónur og staðir tengd bátnum:

22. Ástand báts: Slæmt

23. Upprunaleiki – breytingasaga: Hann var endurbyggður og endurskráður árið 1980

24. Viðhald og viðgerðir:

25. Heimildir:

- Sigurður Bergsveinsson: Munaskrá. Báta- og hlunnindasýningin á Reykhólum ehf. Rv. 2017.

¹⁶ Sigurður Bergsveinsson s. 52, Jón Björnsson: Íslensk skip. Bátar 1, bls. 46

- Jón Björnsson: Íslensk skip. Bátar 1, bls. 54
- batarogskip.123.is 1.2. 2012: Flottasta trillubru' ever (Báturinn fannst ekki í Íslensku sjómannaalmanaki 1967, 1984 og 1993)

26. Varðveislustaða: Ekki safngripur

27. Almenn umsögn:

Draupnir og systurskip hans, Farsæll, bera smíðakunnáttu Aðalsteins Aðalsteinssonar gott vitni.



Stýrishúsið á Draupni. „Flottasta trillubru' ever.“¹⁷



Draupnir BA 40. Ljós. Torfi Haraldsson.

¹⁷ batarogskip.123.is 1.2. 2012



Farsæll BA 55. Ljósma.: FÁBBR

Farsæll BA 55

- 1. Skipaskrárnúmer:** 5958
- 2. Tegund:** Vélbátur, opinn að hluta til
- 3. Hlutverk:** Heimilisbátur til flutninga og ferðalaga og einnig veiðiskapar
- 4. Eigandi:** Kristinn Nikulásson (1957-) frá Svefneyjum
- 5. Fyrri eigendur:**
 - 1962: Jens Nikulásson (1899-1973) og Nikulás Jensson (1935-2004)
 - 1976: Talinn ónýtur og tekinn af skrá
- 6. Varðveislustaður:** Bátasafn Breiðafjarðar, Reykhólum.
- 7. Smíðaár:** 1962
- 8. Smiður:** Aðalsteinn E. Aðalsteinsson (1923-2014)
- 9. Smíðastaður:** Hvallátur
- 10. Brúttórúmllestir:** 7,6
- 11. Lengd, breidd og hæð/dýpt í m:** 9,8 x 3,1 x 1,25
- 12. Smíðaefni og samsetning skrokks:** Fura; súðbyrtur
- 13. Skrokklag:** Með lotað stefni
- 14. Þilfar:**

15. Yfirbygging: Stýrishús og hvalbakur

16. Lokuð rými: Lúkar, vélarhús

17. Möstur og seglabúnaður: frammastur

18. Vél:

- 1962: 50 ha Ajax vél

- Perkins 80 hö (ekki vitað um árgerð)

- Vélarlaus nú

19. Siglingatæki og annar búnaður:

20. Notkunarsaga:

Aðalsteinn smíðaði bátinn fyrir Jens Nikulásson og Nikulás Jensson, bændur í Svefneyjum.

Hann var notaður sem heimilisbátur til flutninga og ferðalaga og einnig veiðiskapar í Svefneyjum í 30 ár. Hann var talinn ónýtur og tekinn af skrá 1976. Fór á minjasafnið á Hnjóti í Örlygshöfn en kom þaðan til Bátasafns Breiðafjarðar.¹⁸

21. Sögulegir atburðir, persónur og staðir tengd bátnum:

Svefneyjar

22. Ástand báts:

23. Upprunaleiki – breytingasaga:

24. Viðhald og viðgerðir:

25. Heimildir:

- Sigurður Bergsveinsson: Munaskrá. Bata- og hlunnindasýningin á Reykhólum ehf. Rv. 2017.

- Jón Björnsson: Íslensk skip. Batar 1, bls. 48

- <http://batasmidi.is/blog/2015/10/04/737427/>

(Fannst ekki í Íslensku sjómannaalmanaki)

26. Varðveislustaða:

27. Almenn umsögn:

Farsæll er smíðaður eftir sömu tekningu og Draupnir BA 40, er þó heldur minni. Áhugavert væri að varðveita að minnsta kosti þann þeirra sem er betur farinn.



Farsæll BA 55 og Draupnir BA 40, á Reykhólum. Ljósmynd: Gunnlaugur Hólm Torfason, 2016

¹⁸ Sigurður Bergsveinsson s. 56, Jón Björnsson bls. 48



Grímsi árið 2016. Við bátinn standa Eggert Björnsson og Hafliði Aðalsteinsson. Ljós.: FÁBBR

Grímsi

1. Safnnúmer:
2. Tegund: Árabátur
3. Hlutverk: Vatnabátur
4. Eigandi: FÁBBR (frá árinu 2016)
5. Upphaflegur eigandi:
- Grímur Grímsson (1912-2002), Sauðlauksdal
6. Varðveislustaður:

7. Smíðaár: 1962
8. Smiður: Aðalsteinn E. Aðasteinsson (1923-2014)
9. Smíðastaður: Hvallátur
10. Brúttórúmllestir:
11. Lengd, breidd og dýpt í m: 3,6 x 1,31 x 0,47
12. Smíðaefni og samsetning skrokks: Viður; súðbyrtur
13. Skrokklag: Flatbotna, með gaffli
14. Pílför:
15. Yfirbygging:
16. Lokuð rými:
17. Möstur og seglabúnaður:
18. Vél:
19. Siglingatæki og annar búnaður:

20. Notkunarsaga:

Aðalsteinn smíðaði Grímsa fyrir Grím Grímsson (1912-2002), sóknarprest í Sauðlauksdal í Patreksfirði. Grímur notaði bátinn til veiða á Sauðlauksdalsvatni.¹⁹

21. Sögulegir atburðir, persónur og staðir tengd bátnum: Sauðlauksdalur

22. Ástand báts: Gott

23. Upprunaleiki – breytingasaga:

24. Viðhald og viðgerðir:

25. Heimildir:

- Sigurður Bergsveinsson: Munaskrá. Bóta- og hlunnindasýningin á Reykhólum ehf. Rv. 2017.

26. Varðveislustaða: Óskráður safngripur

27. Almenn umsögn:

Aðalsteinn smíðaði nokkra svona báta, þar á meðal fyrir flóabátinn Baldur. Rétt er að varðveita að minnsta kosti eitt eintak af þeim.

¹⁹ Sigurður Bergsveinsson bls. 59 er eina heimildin um Grímsa



Gola. Ljósmynd: FÁBBR.

Gola

1. Skipaskrárnúmer / safnnúmer:

2. Tegund: Opinn vélbátur

3. Hlutverk: Heimilisbátur

4. Eigandi: FÁBBR

5. Fyrri eigendur:

- 1964: ?

- 1980: Hallvarður Kristjánsson (1928-97), Þingvöllum í Helgafellssveit

- 2007: FÁBBR

6. Varðveislustaður: Bátasafn Breiðafjarðar, Reykhólum

7. Smíðaár: 1964

8. Smiður: Kristján Gíslason (1897-1990) frá Ytra-Skógarnesi

9. Smíðastaður: Stykkishólmur

10. Brúttórúmlestir: 1,67

11. Lengd, breidd og dýpt í m: 6,30 x 1,73 x 0,8

12. Smíðaefni og samsetning skrokk: Fura; súðbyrtur

13. Skrokklag:

14. Þilför:

15. Yfirbygging:

16. Lokuð rými:

17. Möstur og seglabúnaður:

18. Vél:

19. Siglingatæki og annar búnaður:

20. Notkunarsaga:

Báturinn var heimilisbátur hjá Hallvarði Kristjánssyni (1928-97) á Þingvöllum í Helgafellssveit frá 1980 (ekki er vitað um eigendur fyrir þann tíma). Gefinn FÁBBR árið 2007.

21. Sögulegir atburðir, persónur og staðir tengd bátnum:

Um skyldleika bátasmiða:

Kristján Gíslason, sem smíðaði Golu, var frá Ytra-Skógarnesi og dóttursonur Ólafs Teitssonar í Sviðnum og því voru hann og Ólafur Bergsveinsson bátasmiður í Hvallátrum systkinasynir.²⁰

22. Ástand báts:

23. Upprunaleiki – breytingasaga:

24. Viðhald og viðgerðir:

25. Heimildir:

- Sigurður Bergsveinsson: Munaskrá. Bóta- og hlunnindasýningin á Reykhólum ehf. Rv. 2017.

26. Varðveislustaða: Óskráður safngripur

27. Almenn umsögn:

Þetta er etv. eini varðveitti báturinn sem Kristján Gíslason smíðaði.

²⁰ Sigurður Bergsveinsson bls. 60 er eina heimildin um Golu.



Eva. Ljóssm.: FÁBBR

Eva

- 1. Safnnúmer:**
- 2. Tegund:** Hraðbátur
- 3. Hlutverk:** Fólksflutningabátur
- 4. Eigandi:** Páll Aðalsteinsson (1954-)
- 5. Fyrri eigendur:**
- 6. Varðveislustaður:**
- 7. Smíðaár:** 1974
- 8. Smíðir:** Páll Aðalsteinsson (1954-) og Hafliði Árnason (1937-77).

Þeir smíðuðu einnig annan bát alveg eins og Evu, Hrugni, sem Hafliði átti. Hrugnir er til í upprunalegu ástandi.



Eva á þurru landi ásamt öðrum bát. Ljóssm.: FÁBBR

- 9. Smíðastaður:** Hvallátur
- 10. Brúttórúmllestir:**

11. Lengd, breidd og dýpt í m: 4,30 x 1,70 x 0,54

12. Smíðaeefni og samsetning skrokks: 9 mm mótakrossviður

13. Skrokklag: Báturinn er flatbotna hraðbátur með gaffli og gerður fyrir utanborðsvél.

14. Pílför:

15. Yfirbygging: Bakki

16. Lokuð rými:

17. Möstur og seglabúnaður:

18. Vél: Utanborðsmótor, Johnson 40 hö

19. Siglingatæki og annar búnaður:

20. Notkunarsaga:

Páll Finnbogi Aðalsteinsson (1954-) frá Hvallátrum og Hafliði Árnason (1937-77) frá Flatey smíðuðu bátinn. Bátinn teiknaði Aðalsteinn E. Aðalsteinsson, faðir Páls.

Báturinn var sjósettur 11. apríl 1974. Í honum var 40 ha Johnson mótor og gekk hann 27 sjómíflur á klst. á sléttum sjó með einum manni.²¹

Eva hefur að líkindum verið notuð til ferðalaga milli lands og eyja.

21. Sögulegir atburðir, persónur og staðir tengd bátnum:

22. Ástand báts: Slæmt

23. Upprunaleiki – breytingasaga:

24. Viðhald og viðgerðir:

25. Heimildir:

- Sigurður Bergsveinsson: Munaskrá. Báta- og hlunnindasýningin á Reykhólum ehf. Rv. 2017.

26. Varðveislustaða:

27. Almenn umsögn:

Lítið er til af íslensk smíðuðum hraðbátum frá fyrri tíð.



Eva á hraðsiglingu. Ljósmynd: FÁBBR

²¹ Sigurður Bergsveinsson bls. 61 er eina heimildin um bátinn.



Sæbjörg BA 59. Ljósmynd: GStV

Sæbjörg BA 59

- 1. Skipaskrárnúmer:** 1188
- 2. Tegund:** Vélbátur, alþiljaður
- 3. Hlutverk:** Fiskibátur
- 4. Eigandi:** FÁBBR (síðan 2015)
- 5. Fyrri nöfn, umdæmisnúmer og eigendur:**
 - 1971: Sæunn Sæmundsdóttir ÁR 60. Útgerðarfélagið Smári hf, Þorlákshöfn.
 - 1975: Árnes ÁR 75. Straumnes hf, Selfossi.
 - 1975: Sæbjörg BA 59. Halldór Árnason og Þórður S. Árnason, Patreksfirði.
 - 1988: Nafn óbreytt. Látraströnd hf á Patreksfirði. Eigendur eru áfram Halldór Árnason og Þórður S. Árnason, Patreksfirði ²²
 - 2008: Arnar Ágústsson á bátinn, tekur hann af skrá og gefur FÁBBR.²³
- 6. Varðveislustaður:** Korngarðar, Reykjavík
- 7. Smíðaár:** 1971
- 8. Skipasmíðastöð:** Bátalón. **Hönnuður:** Þórbergur Ólafsson
- 9. Smíðastaður:** Hafnarfjörður
- 10. Brúttórúmllestir:** 11 tonn
- 11. Lengd, breidd og dýpt í m:** 11,7 x 3,36 x 1,27
- 12. Smíðaefni og samsetning skrokks:** Eik og fura; súðbyrtur
- 13. Skrokklag:** Stefni er beint, lítillaga framhallandi, skutur er hringlaga.
- 14. Þilför:** Alþilja
- 15. Yfirbygging:** Stýrishús (afturbyggður), lúkarskappi

²² Íslenskt sjómannaalmanak 1984, bls. 527, og 1993, bls. 613.

²³ Sigurður Bergsveinsson bls. 62. Meginheimildin um eigendasöguna er thsof.123.is

16. Lokuð rými: Lúkar, vélarúm

17. Möstur og seglabúnaður: Fram- og afturmastur

18. Vél:

- 1971: Ensk Ford Power Marine 98 hö (er enn í bátnum)

19. Siglingatæki og annar búnaður:

20. Notkunarsaga:

Báturinn var gerður út frá Þorlákshöfn 1971-1975 en var seldur til Patreksfjarðar árið 1975 og gerður út þaðan til ársins 2006. Arnar Kristjánsson (Addi á Ármúla), útgerðarmaður á Ísafirði, færði FÁBBR bátinn að gjöf árið 2015.²⁴

„Það var mikið til af þessum 12 tonna bátum en nú eru bara örfáir eftir. Sæbjörginni hefur alltaf verið haldið vel við þar til fyrir sex árum þegar hún var látin drabbast niður. Hún er samt í upprunalegu standi og ekkert búið að fikta við hana.“ Eggert Björnsson hjá FÁBBR.²⁵

21. Sögulegir atburðir, persónur og staðir tengd bátnum:

Báturinn er mjög vandaður að allri gerð og fór til sýningar á iðnsýningu í Laugardalshöll eftir að smíði lauk, 1971.

Patreksfjörður, Hafnarfjörður

22. Ástand báts:

23. Upprunaleiki – breytingasaga:

Bátum hefur ekkert verið breytt og hann heldur enn upprunalegu útliti.²⁶

24. Viðhald og viðgerðir:

Báturinn er í Reykjavík þar sem félagsmenn í FÁBBR vinna að því að gera hann upp. Stefnt er að því að hann verði sjófær að nýju.

25. Heimildir:

- Sigurður Bergsveinsson: Munaskrá. Báta- og hlunnindasýningin á Reykhólum ehf. Rv. 2017.
- Samgöngustofa. Uppfletting í skipaskrá 9.8. 2017: númer 1188 (skráningarstaða: óskráð)
- Þórhalli S Gjöveraa: thsof.123.is/blog/
- Íslenskt sjómannaalmanak 1984 og 1993
- Sæbjörg BA gerð upp. Vísir.is 21. ágúst 2012

(Er ekki hjá Jóni Björnssyni, Íslensk skip, nema í skipaskrárlista)

26. Varðveislustaða: Óskráður safngripur

27. Almenn umsögn:

Báturinn heldur upprunalegu útliti. Þannig getur Bátasafn Breiðafjarðar sýnt þróun bátasmíða allt frá opnum árabátum til dekkaðra vélbáta.

²⁴ Sigurður Bergsveinsson bls. 62

²⁵ Sæbjörg BA gerð upp

²⁶ Sigurður Bergsveinsson bls. 62

Myndir af Sæbjörgu BA 59 árið 2016 ²⁷



²⁷ <http://thsof.123.is/blog/2016/11/22/757170/>